

Skólaráð Hörðuvallaskóla

3. fundur skólaársins 2019-2020, haldinn 05.12. 2019

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, M Hildur Jónasdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarasdóttir

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson , Gunnar Már Tryggvason

Fulltrúi kennara Unnur Helga Óttarsdóttir víkur úr skólaráði vegna anna og inn kemur fyrsti varamaður M Hildur Jónasdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Umferðaröryggi

- Ekki var sent bréf frá skólaráði vegna þess að bærinn var farinn í framkvæmdir, búið er að setja nýja lýsingu við gangbrautirnar við skólann með sterkari ljósum.
- Það þarf að athuga hvort hægt sé að fá meiri lýsingu við gangbrautina yfir innkeyrsluna í Baugakór.
- Þórunn sendir póst á alla foreldra í byrjun janúar, vegna umferðaröryggis, að ganga í skólann, yfirgefa ekki bíla í hringtorgi eða á bílastæði í Baugakór og að nýta sleppistæði.
- Setjum saman texta og sendum á bekkjarfulltrúa í byrjun janúar, til að setja inn í umræður inni á bekkjargrúppunum.
- Skólinn ber ekki alla þessa umferð, mikilvægt að athuga aðgangsstýringu og kynna bílastæði við stóru blokkina. Þórunn athugar hvenær það er tilbúið.

2. Erindi frá nemendum

- a. Tillaga um að minnka matarsóun með því að matseðill sé sendur út á foreldra, þeir merki við með unglíngnum sínum hvenær hann vill vera í mat. Þetta er í skoðun hjá skólastjóra.
- b. Umræða um matarskömmunina, að sumir ganga ekki nægilega vel um. Hefur þetta lagast? Þurfum að gera betur. Umgengnin í matsalnum almennt er ekki nægilega góð, spurning með þann þriðja á vakt amk tímabundið, að ræða í hugmyndaráðinu hvaða leiðir nemendur sjá vænlegar til árangurs. Í þessu samhengi var rætt um umgengni elstu nemendanna þegar þeir koma í Baugakór ákveðið að ræða það líka í nemendaráði og hugmyndaráði.
- c. Nemendur óska eftir aðgengi að túrtöppum og dömubindum. Geymt hjá ritara, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi. Mikilvægt að nemendur viti af þessu.
- d. Kynjajafnrétti – mikilvægt að hafa salerni ekki kynjamerkt. Búið að fjarlægja merkingar af hluta salerna.

3. Niðurstöður skólapúlsins

Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins rýndar.

4. Önnur mál

- a. Samstarf við Krónuna, rætt að gott gæti verið að fá aðila inn frá þeim til skrafs og ráðagerða. Fá hugmyndaráð inn í þetta líka. Nemendur eru mikið að fara í Krónuna, töluvert um hnúpl og hópamyndanir þar.
- b. Upplýsingar frá Margréti. Erindi var sent inn í menntaráð frá kennurum vegna skemmda á bílum og bílastæðavanda. M.a. rætt um að hafa myndavélar á bílastæðum.
- c. Umræður um salernismál í Baugakór, að þau séu oft sóðaleg. Þarf að skoða hvernig hægt er að bæta úr því. Eins þarf að athuga með að kynna fyrir yngstu nemendunum hvar í húsinu eru salerni.
- d. Bent á óhagræði þess að verkefni í mentor séu skráð ólokin, þó þeim sé lokið í google classroom. Eins og þetta er núna þá þurfa nemendur sjálfir að fara inn í mentor og merkja við að þeim sé lokið. Spurning hvort er hægt að gera þetta einhvernveginn öðruvísi.

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 23.01.2020 kl 8:00 í Vallakór

fundargerð ritaði
Þórunn